

## 10. gr.

101

Fulltrúi Bandamanna hefir fallist á fyrst um sinn að sinna öllum framboðum, sem kunna að koma á þorsklrognum, samkvæmt þessum reglum.

En komi það fyrir seinna meir, að fulltrúi Bandamanna afsali forkaupsrjetti sínum, má útflutningsnefndin flytja vöruna út til viðtakanda í löndum Bandamanna, Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, eða til viðurkendra viðtakenda í viðurkendum hlutlausum löndum að álitum Bandamanna. Um þessar vörur gilda þó sömu reglur og ákvæði, sem þegar eru tekin fram.

24. júní

Reykjavík, 24. júní 1918.

*Thor Jensen,*      *Pjetur. Jónsson,*      *Ó. Benjamínsson.*  
formaður.

## Reglugjörð

102

27. júní

### um viðauka við reglugjörð frá 11. júní 1918 um sölu og útflutning á íslenskum afurðum frá árinu 1918.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

## 1. gr.

Útflutningsnefnd er heimilt að halda eftir alt að 1% af andvirði afurða þeirra, sem hún annast sölu á, til þess að standast kostnað við söluna og við ráðstafanir þar að lútandi.

## 2. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 27. júní 1918.

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*